

Lokaskýrsla vegna þróunarverkefnis

Lesskilningsverkefnið Gluggað og grúskað: Polli

2015-2016

Tengiliður verkefnis: Margrét Harðardóttir

Höfundar verkefnis: Bergljót Vilhjálmsdóttir, Guðrún Dögg Jóhannsdóttir og
Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

- Mæta ólíkum námsþörfum nemenda.
- Efla virkni þeirra í námi.
- Stuðla að jákvæðu samstarfi og samvinnu við foreldra.
- Efla lestrarfærni í viðum skilningi.

Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaplan og umfang verkefnis

Útbúið var námskeið í lestri fyrir börn í 2. bekk sem ekki höfðu náð nægjanlegri færni í lestri (sjá lestrarstefnu Hofsstaðaskóla).

Framkvæmd, tímaplan og afrakstur verkefnis í júní 2016

Apríl - maí	• Undirbúningur verkefnis. • Skoðuðum bækur og gömul lestrarátök. Upplýsingaröflun og hugmyndavinna. • Ákváðum að leggja áherslu á verkefni fyrir 2. bekk. • Völdum sögu ásamt verkefnum með sögunni til að þýða og vinna með.
Júní	• Skiptum með okkur verkum og þýddum sögu og verkefni. • Skönnuðum söguna og myndir til að nota með texta. • Lásum yfir texta og aðlöguðum að námshópi.
Ágúst	• Héldum áfram með að lesa yfir texta, lagfæra greinarmerki og orðalag. • Texti og myndir færðar yfir í Publisher.
Sept. – desember	• Bjuggum til verkefni sem þjálf lestrarfærni, hljóðgreiningu, atburðarás, hljóðtengingu, endurtekningu setninga, ritun, setningar og orð, atkvæði orða, rím, bókstafi og algeng orð/sjónrænan orðaforða.
Janúar - febrúar	• Lásum yfir verkefni og lagfærðum texta, útlit og hönnun verkefnis. Röðuðum saman verkefni og bjuggum til forsiðu, ásamt umbunarblaði fyrir nemendur.
Mars-apríl	• Prófuðum verkefnið með tveimur hópum nemenda. • Lukum við námskeiðslýsingu og settum fram leiðbeiningar fyrir foreldra. • Útbjuggum kynningarefni fyrir foreldra og skipulögðum kynningu á áttakinu.
Maí-júní	• Útbjuggum matsblöð fyrir nemendur og foreldra. • Gerðum orðalista fyrir allar blaðsíður í lestrarhefti. • Endurskoðum texta eftir prófun verkefnisins. • Gengum frá uppröðun, prentun og útliti bókanna.

Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun

Tímaáætlun stóðst og vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun.

Mat á verkefninu

Verkefnið var endurskoðað eftir fyrstu prófun þess. Haustið 2017 var það kynnt fyrir foreldrum og í kjölfarið lagt fyrir hóp nemenda. Að því loknu voru lagðir fram matslistar fyrir nemendur og foreldra.

Ráðstöfun styrks þ.e:

Heildarupphæð styrks: 580.000

Laun	580.000
Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla	
Gögn	

Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning

Afrakstur

- Afrakstur verkefnisins eru lestrarbókin um *Polla* ásamt verkefnabók og plöstuðum 100 orða banka. Bækurnar eru vistaðar á sameign skólans og er hægt að nota þær og miðla til annarra skóla.

Ávinningur

- Helsti ávinningur verkefnisins er aukin færni nemenda í lestri og aukin ánægja í námi.
- Skýrt afmarkað og áhugavert námskeið í lestri.
- Námskeiðið er fyrir nemendur í 2. bekk og námsefnið nýtist áfram.
- Samvinna við foreldra.

Kynning

- Kynning á verkefninu hefur farið fram fyrir samstarfsfólk í Hofsstaðaskóla.
- Verkefnið var kynnt foreldrum haustið 2017.
- Verkefnið var kynnt á samstarfsdegi skólanna í Garðabæ í október 2017.

Hofsstaðaskóli, 15. febrúar 2018



Bergljót Vilhjálmsdóttir

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

Gluggað og grúskað

Lestrarátakið Polli Verkefnahefti



Nafn: _____

Leiðbeiningar til þeirra sem hlusta á barnið lesa

Forspá: Gott er að rifja upp söguna reglulega og geta sér til um framhaldið.

- Flettið saman bókinni og spyrðu barnið hvað það haldi að sagan fjalli um eða hvað það haldi að gerist næst. Í byrjun hvernar viku er gott að rifja upp og draga saman hvað er búið að gerast í sögunni.

Lestur: Barnið les textann með aðstoð foreldra t.d. með því að fá aðstoð við að lesa erfið orð.

Lesskilningur: Lesari þarf að öðlast færni til skilja innihald mismunandi texta.

- Gott er að barnið horfi á myndirnar og tali um það sem er að gerast í sögunni hverju sinni. Einnig að barnið tengi við eigin reynsluheim. Ef barnið skilur ekki einhver orð í textanum er gott að útskýra og ræða þau. Neðst á hverri blaðsíðu eru spurningar sem hægt er að spyrja barnið.

Orðalisti: Markmið með orðalistum er að gera lestur kaflans auðveldari og þjálfá sérstaklega orð sem oft koma fyrir.

- Barnið les lista með orðum úr sögunni, listinn er lesinn 3x og tími skráður í hvert skipti. Markmið með orðalista er að gera lestur kaflans auðveldari og þjálfá sérstaklega orð sem oft koma fyrir.

Hljóðgreining: Verkefni í hljóðgreiningu stuðlar að aukinni næmni fyrir hljóðum.

- Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í orði sem stuðlar að aukinni næmni fyrir hljóðum orða. Einnig er hægt að þyngja verkefnið og finna öll hljóðin í orðinu.

Lestur bókstafa: Barnið þjálfar hljóð bókstafanna. Lesið er 3x og tíminn skráður.

100 orða listi: Barnið flettir ca. 10-20 orðum og æfir sig í að lesa þau alla vikuna. Foreldrar fjölga eða fækka orðum eftir því sem hentar barninu. Vika 1 = gul orð, vika 2 = rauð orð, vika 3 græn orð = vika 4 blá orð.

Stafa- og orðalistar á methraða: Barnið þjálfast í lestri á 100 algengustu orðunum. Orðin eru lesin 3x og tíminn skráður.

Hljóðtenging: Þjálfun í að tengja saman hljóð í orð.

- Hljóð bókstafanna eru lesin með 1 sek. millibili. Barnið hlustar á hljóðin og setur þau saman í orð.

Heyrnænt minni/endurtekning setninga: Heyrnænt minni felur í sér að geta endurtekið orð og setningar

- Barnið endurtekur setningar sem lesnar eru fyrir það. Ef setningar eru erfiðar geta foreldrar einfaldað þær.

Ritun: Ritun þjálfar stafsetningu og færni í að greina hljóð í orðum.

- Barnið skrifar 6 orð eftir upplestri sem foreldri velur úr texta. Barnið skoðar hvort orðin séu rétt skrifuð og ef þau þurfa að leiðrétta, skrifa þau orðin upp aftur eftir fyrirmynd hægra megin á blaðsíðuna. Barnið skrifar einnig 3-4 orða málsgreinar sem fela í sér einhver af orðunum sem þau skrifuðu.

Atkvæði: Þjálfun í að skipta orði í orðbúta.

- Foreldrar segja orðin og barnið klappar atkvæði orðanna og segja hvað atkvæðin eru mörg. Dæmi: Foreldri segir skólataska og barnið skiptir orðinu í atkvæði með því að klappa skó-la-ta-ska sem gera 4 atkvæði.

Rím: Rím er einn af undirþáttum hljóðkerfisvitundar.


- Barnið þjálfast í að finna orð sem ríma.

Vika 1

Mánudagur: • Gera forspá. • Lesa orðalista • Lesa bls. 2 í sögu. • Finna fyrsta og síðasta hljóð í orði og raða í tímaröð. • Æfa 100 orða lista, gul spjöld	Þriðjudagur: • Lesa orðalista • Lesa bls. 4. • Hljóðtenging (tengja hljóð við orð) • 100 orða listi, gul spjöld
Miðvikudagur: • Lesa orðalista • Lesa bls. 6 • Heyrnærnt minni endurtekning setninga. • 100 orða listi, gul spjöld	Fimmtudagur: • Lesa orðalista • Lesa bls. 8 • Ritun velja orð úr texta, skrifa og leiðrétta ef rangt er skrifað. Skrifa tvær 3-4 orða setningar. • 100 orða listi, gul spjöld
Föstudagur: • Lesa orðalista • Lesa bls. 10 • Atkvæði	Laugardagur: • Lesa orðalista • Lestur bls. 12 • Finna fyrsta og síðasta hljóð og rím • Stafapekking á methraða — litlir stafir.
Sunnudagur • Að eigin vali t.d. lestur í heimalestrarbók	

Ég stend mig vel

Ég fæ hrós ef ég vinn öll verkefnið í lestrarátakinu.




Fyrirmæli foreldra:

Verkefni 1 og 2: Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í hverju orði og skrifar bókstafina fyrir neðan myndina.

Verkefni 3: Barnið merkir myndirnar í tímaröð.



1.



2.



3.



Hljóðtenging

Málhljóð tengd saman og mynduð orð. Foreldrar segja hljóðin með stuttu bili á milli og nemandinn segir orðið.

Fyrirmæli foreldra: Að hlusta vel á hljóðin og setja þau saman í orð.

1. o-r-ð

2. r-o-ð

3. s-j-ó

4. l-a-x

5. t-r-é

6. s-k-ý

7. þ-a-k

8. b-a-ð

9. l-a-s

10. h-ú-s

11. k-á-l

12. l-í-m

13. v-ö-r

14. ö-n-d

15. t-a-k

16. b-l-á


Endurtekning setninga

Þetta verkefni þjálfar heyrnrænt minni. Foreldri les eina málsgrein eða línu og barnið endurtekur. Ef barnið segir málsgreinina rangt má einfalda málsgreinina. .

Vika 1

	
Þarna er lítill skrýttinn fótur.	
Ertu svangur litli unginn minn?	
Það er fyndið að horfa á mömmu ganga.	
Polli vaggar eins og andarmamma.	
Það er eitthvað sem hreyfist í tjörninni.	

	
Litla öndin heitir Polli.	
Polli fór með mömmu sinni niður að tjörn.	
Polli fékk brauðmola frá stráknum.	
Polli og Matthildur vinkona hans bjuggu til súpu.	
Endur vagga þegar þær ganga.	




Fyrirmæli foreldra:

Skrifa 6 orð úr textanum og leiðrétta ef þau eru rangt skrifuð.

Skrifa tvær 3 -4 orða setningu og nota 1 orð sem skrifuð voru í setninguna.

Atkvæði orða



Foreldrar segja orðið en nemendur klappa atkvæði þess .

1. ung - i

2. lit - li

3. fó - tur

4. Poll - i

5. tjörn - inn - i

6. vatn - ni - nu

7. strönd - inn - i

8. hlöð - unn - i

9. brauð - mol - um

10. skó - la - ta - ska

11. skó - la - sto - fa


12. Hofs - sta - ða - skó - li

Fyrirmæli foreldra:

Verkefni 1 og 2: Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í hverju orði og skrifar bókstafina fyrir neðan myndina.

Verkefni 3: Barnið tengir orðin sem ríma.

1.









2.







3.

Rós

Mál

Hestur

Óli

Lús

gestur

mús

dós

skóli

skál

Stafaþekking á methraða

Nafn: _____

<i>b</i>	<i>f</i>	<i>p</i>	<i>u</i>	<i>é</i>	<i>i</i>	<i>ð</i>	
<i>v</i>	<i>æ</i>	<i>au</i>		<i>y</i>	<i>ei</i>	<i>þ</i>	<i>o</i>
	<i>k</i>	<i>h</i>	<i>t</i>	<i>r</i>	<i>s</i>	<i>m</i>	<i>j</i>
<i>g</i>	<i>ey</i>	<i>x</i>	<i>ó</i>	<i>z</i>	<i>l</i>	<i>e</i>	<i>ý</i>
<i>a</i>	<i>d</i>	<i>n</i>	<i>ö</i>	<i>í</i>		<i>ú</i>	<i>á</i>

Taktu tímann á lestri bókstafanna.


1. umferð 2. umferð 3. umferð

Vika 2

Mánudagur: - Rifja upp söguþráð - hvað er búið að gerast í sögunni? - Lesi orðalista - Lesi bls. 14 í sögu. - Finna fyrsta og síðasta hljóð íorði og raða í tímaröð. - Æfa 100 orða listi rauður	Þriðjudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 16. - Hljóðtenging - tengja hljóð við orð. 100 orða listi rauður
Miðvikudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 18 - Heyrnæmt minni - endurtekning setninga. 100 orða listi rauður	Fimmtudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 20 - Ritun - velja orð úr texta, skrifa og leiðrétta ef rangt er skrifað. - Skrifa tvær 3-4 orða setningar. 100 orða listi rauður
Föstudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 22. - Atkvæði.	Laugardagur: - Lesi orðalista - Lestur bls. 24. - Rím. - Orðapekking á methraða.
Sunnudagur Val um lestur í heimaðestrarbók	

Ég stend mig vel

Ég fæ hrós ef ég vinn öll verkefnið í lestrarátakinu.




Fyrirmæli foreldra:

Verkefni 1 og 2: Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í hverju orði og skrifar
bókstafina fyrir neðan myndina.

Verkefni 3: Barnið merkir myndirnar í tímaröð.


1.








2.







3.







Hljóðtenging

Málhljóð tengd saman og mynduð orð. Foreldrar segja hljóðin með stuttu bili á milli og nemandinn segir orðið.

Fyrirmæli foreldra: Að hlusta vel á hljóðin og setja þau saman í orð.

v-e-r-a

þ-ú-f-a

g-r-a-s

s-ú-p-a

d-j-ú-s

f-u-g-l

f-ó-l-f

h-ö-n-d

k-i-s-a

l-ý-s-i

m-o-s-i

u-n-g-i

b-á-t-u-r

d-ú-k-u-r

h-a-m-a-r

o-s-t-u-r


Endurtekning setninga

Þetta verkefni þjálfar heyrnrænt minni. Foreldri les eina málsgrein eða línu og barnið endurtekur. Ef barnið segir málsgreinina rangt má einfalda málsgreinina.

Vika 2

	
Lítill fiskur skvettir vatni á fuglinn.	
Polli horfir vel til beggja hliða.	
Við borðum góðan mat í kvöld.	
Ég er með gómsæta brauðmola handa þér.	
Hann hristir vatnið af mjúku fjöðrunum sínum.	

	
þau - þær - þeir	
flinkur - fugl - fætur	
veisla - nei - eitthvað	
höfuð - önd - mömmu	
éta - ég - mér	




Fyrirmæli foreldra:

Skrifa 6 orð úr textanum og leiðrétta ef þau eru rangt skrifuð.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Skrifa tvær 3 -4 orða setningu og nota 1 orð sem skrifuð voru í setninguna.

Atkvæði orða



Foreldrar segja orðið en nemendur klappa atkvæði þess.

1. önd
2. há - tíð
3. brauð - mol - ar
4. fisk - ur
5. hlöð - unn - i
6. strák - ur - inn
7. and - ar - ung - i
8. skemmt - i - legt
9. bónd - inn
10. and - ar - súp - a
11. snigl - ar - nir
12. brauð

Rím

Fyrirmæli foreldra: Spyrja hvaða orð ríma við síðasta orðið.

- | | |
|---|--------|
| 1. Hvaða ávöxtur rímar við orðið <u>hver</u> ? | ber |
| 2. Hvaða dýr rímar við orðið <u>gestur</u> ? | hestur |
| 3. Hvað í rúmi rímar við orðið <u>vængur</u> ? | sængur |
| 4. Hvaða líkamshluti rímar við orðið <u>kafli</u> ? | nafli |
| 5. Hvaða hlutur rímar við orðið <u>hás</u> ? | lás |
| 6. Hvaða dýr rímar við orðið <u>vefur</u> ? | refur |
| 7. Hvaða dýr rímar við orðið <u>álfur</u> ? | kálfur |
| 8. Hvaða drykkjarlát rímar við orðið <u>gras</u> ? | glas |
| 9. Hvaða krydd rímar við orðið <u>kalt</u> ? | salt |
| 10. Hvaða litur rímar við orðið <u>vænn</u> ? | grænn |

Orðabekking á methraða

Nafn: _____

og	er	hann	þá	því	hún	úr	
út	stað	inn		í	ég	til	um
	eru	þeir	mér	frá	þeim	þess	að
var	sem	ekki	þegar	fyrir	fórum	voru	þau
eða	á	en	svo	með		nú	sér
eftir	heim	fara	við	það	af	þar	upp








Hvað lastu mörg orð rétt á 1 mínútu?

1. umferð 2. umferð 3. umferð

Vika 3

Mánudagur: - Rifja upp söguþráð hvað er búið að gerast í sögunni. - Lesi orðalista - Lesi bls. 26 í sögu. - Finna fyrsta og síðasta hljóð í orði og raða í tímaröð. - Æfa 100 orða listi grænn	Þriðjudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 28. - Hljóðtenging (tengja hljóð við orð. 100 orða listi grænn
Miðvikudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 30. - Heyrnæmt minni endurtekning setninga. 100 orða listi grænn	Fimmtudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 32 - Ritun -velja orð úr texta, skrifa og leiðrétta ef rangt er skrifað. Skrifa tvær 3 - 4 orða setningar. 100 orða listi grænn
Föstudagur: - Lesi orðalista - Lesi bls. 34 - Atkvæði	Laugardagur: - Lesi orðalista - Lestur bls. 36 - Rím - Orðapekking á methraða.
Sunnudagur Val um lestur í heimalestrarbók	

Ég stend mig vel
Ég fæ hrós ef ég vinn öll verkefni í lestrarátakinu.



Fyrirmæli foreldra:

Verkefni 1 og 2: Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í hverju orði og skrifar bókstafina fyrir neðan myndina.


Verkefni 3: Barnið merkir myndirnar í tímaröð.

1.

4



2.



3.



Hljóðtenging

Málhljóð tengd saman og mynduð orð. Foreldrar segja hljóðin með stuttu bili á milli og nemandinn segir orðið.

Fyrirmæli foreldra: Að hlusta vel á hljóðin og setja þau saman í orð.

e-p-l-i

f-á-n-i

g-j-ö-f

k-o-n-a

m-o-l-i

n-æ-l-a

v-a-t-n

s-ó-f-i

t-í-m-i

f-a-t-a

a-l-d-a

h-ú-f-a

k-a-k-a

r-ó-l-a

s-í-m-i

t-ó-f-a


Endurtekning setninga

Þetta verkefni þjálfar heyrnrænt minni. Foreldri les eina málsgrein eða línu og barnið endurtekur. Ef barnið segir málsgreinina rangt má einfalda málsgreinina. .

Vika 3.

	
Ég veit hvernig á að fljúga upp í himininn.	
Gættu þín vel á skýjunum.	
Allt er hvítt eins og í þoku.	
Polli svífur lengi um loftin blá.	
Polli er flinkur að fljúga.	

	
Fugl - önd - fiskur.	
Bóndi - strákur - hlaða	
brauð -hey - snigill	
tjörn - vatn - himinn	
Önd - strákur - ský	




Fyrirmæli foreldra:

Skrifa 6 orð úr textanum og leiðrétta ef þau eru rangt skrifuð.

Skrifa tvær 3 -4 orða setningu og nota 1 orð sem skrifuð voru í setninguna.

Atkvæði orða



Foreldrar segja orðið en nemendur klappa atkvæði þess.

1. him - inn
2. pen - ing - um
3. bakk - an - um
4. flog - ið
5. væng - in - a
6. tveir
7. skýj - u - num
8. flýg - ur
9. and - ar - mamm - a
10. blá
11. jörð - inn - i
12. í - þrótt - a - hús

Rím

Fyrirmæli foreldra: Spyrja hvaða orð ríma. Í sviga eru hugmyndir aforðum.

1. Hvaða orð ríma við orðið Polli? (Molli, Kolli, Olli)
2. Hvaða orð rímar við orðið önd? (rönd, strönd)
3. Hvaða orð ríma við svangur? (langur)
4. Hvaða orð rímar við hús? (mús, lús, knús)
5. Hvaða orð rímar við orðið endur? (hendur, strendur)
6. Hvaða orð rímar við orðið fiskur? (diskur)
7. Hvaða orð ríma við orðið syndir? (myndir, lyndir)
8. Hvaða orð ríma við orðið kál? (mál, sál, hál)
9. Hvaða orð rímar við orðið elta ? (gelta, melta, svelta)

Orðapekking á methraða

Nafn: _____

okkur	fór	þú	þér	kom	niður	of	
vera	þó	hafði		síðan	hér	einn	ofan
	þetta	mjög	fram	hana	henni	saman	hvað
væri	hans	fá	vorum	aftur	sig	verið	varð
koma	kemur	undir	hefur	leið		hafa	mikið
hjá	þær	líka	menn	okkar	yfir	allt	mig


Hvað lastu mörg orð rétt á 1 mínútu?

1. umferð 2. umferð 3. umferð

Vika 4

Mánudagur: - Rifja upp söguþráð (hvað er búið að gerast í sögunni?) - Lesa orðalista - Lesa bls. 38 í sögu. - Finna fyrsta og síðasta hljóð í orði og raða í tímaröð. - Æfa 100 orða listi blár	Þriðjudagur: - Lesa orðalista - Lesa bls. 40. - Hljóðtenging - tengja hljóð við orð. 100 orða listi blár
Miðvikudagur: - Lesa orðalista - Lesa bls. 42. - Heyrnænt minni - endurtekning setninga. 100 orða listi blár	Fimmtudagur: - Lesa orðalista - Lesa bls. 44. - Ritun -velja orð úr texta, skrifa og leiðrétta ef rangt er skrifað. - Skrifa tvær 3-4 orða setningar. 100 orða listi blár
Föstudagur: - Lesa orðalista - Lesa bls. 46. - Atkvæði.	Laugardagur: - Lesa orðalista - Lestur í heimalestrarbók. - Rím - Orðaþekking á methraða.
Sunnudagur Val um lestur í heimalestrarbók	

Ég stend mig vel
Ég fæ hrós ef ég vinn öll verkefni í lestrarátakinu.



Fyrirmæli foreldra:


Verkefni 1 og 2: Barnið finnur fyrsta og síðasta hljóð í hverju orði og skrifar
bókstafina fyrir neðan myndina.

Verkefni 3: Barnið merkir myndirnar í tímaröð.



1.



2.



3.



Hljóðtenging

Málhljóð tengd saman og mynduð orð. Foreldrar segja hljóðin með stuttu bili á milli og nemandinn segir orðið.

Fyrirmæli foreldra: Að hlusta vel á hljóðin og setja þau saman í orð.

n-a-g-l-i

o-r-m-u-r

r-e-f-u-r

t-ö-l-f-a

v-e-s-t-i

þ-y-r-l-a

f-l-u-g-a

h-á-k-a-r-l

s-y-n-d-a

s-u-n-d-l-au-g

s-t-ú-l-k-a

ö-l-d-u-r

b-á-t-u-r

s-e-g-l-s-k-i-p

f-i-s-k-a-r

s-t-r-á-k-a-r


Endurtekning setninga

Þetta verkefni þjálfar heyrnrænt minni. Foreldri les eina málsgrein eða línu og barnið endurtekur. Ef barnið segir málsgreinina rangt má einfalda málsgreinina.

Vika 4

	
Eitthvað glitrar á botninum.	
Vatnið er mjög kalt og svalandi.	
Hvers ætti ég að óska mér núna?	
Ég óska mér að ég geti flogið hátt upp í himininn.	
Polli blakar vængjunum hratt og hægt til skiptis.	

	
Giska - finna - gefa	
Djúpt - grunnt - tært.	
Vagga- synda - fljúga	
Egg - fótur - ungi	
Korn - brauð - snigill.	




Fyrirmæli foreldra:

Skrifa 6 orð úr textanum og leiðrétta ef þau eru rangt skrifuð.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Skrifa tvær 3 -4 orða setningu og nota 1 orð sem skrifuð voru í setninguna.

Atkvæði orða



Foreldrar segja orðið en nemendur klappa atkvæði þess.

1. Matt - hild - ur
2. hróp - ar
3. höf - uð - ið
4. snið - ugt
5. skól - a - bíll
6. skól - a - task - a
7. kvöld - mat - ur
8. fjöð - ru - num
9. mamm - a
10. snig - lar - nir
11. önd
12. bónd - inn

Rím

Fyrirmæli foreldra: Spyrja hvaða orð ríma. Í sviga eru hugmyndir af orðum.

1. Hvaða orð rímar við orðið mamma? (amma)
2. Hvaða orð rímar við orðið gata? (fata, skata, lata)
3. Hvaða orð rímar við orðið mestur? (hestur, gestur)
4. Hvaða orð rímar við orðið hlaða? (raða, baða, hraða, aða, laða)
5. Hvaða orð ríma við orðið kafa? (lafa, safa)
6. Hvaða orð ríma við orðið moli? (koli, foli, boli)
7. Hvaða orð rímar við orðið fljúga? (bjúga, smjúga)
8. Hvaða orð rímar við orðið ás? (lás, krás)
9. Hvaða orð rímar við orðið blaka? (vaka, raka, aka, kaka)

Orðaþekking á methraða

Nafn: _____

okkur	fór	pú	pér	kom	niður	of	
vera	þó	hafði		síðan	hér	einn	ofan
	þetta	mjög	fram	hana	henni	saman	hvað
væri	hans	fá	vorum	aftur	sig	verið	varð
koma	kemur	undir	hefur	leið		hafa	mikið
hjá	þær	líka	menn	okkar	yfir	allt	mig

Hvað lastu mörg orð rétt á 1 mínútu?

1. umferð 2. umferð 3. umferð

Nafn: _____

Mat nemanda

Hvernig fannst þér Polla sagan?

Hvernig fannst þér verkefnin?

Hvernig gengur þér að lesa?


		

Hvað var skemmtilegast? _____

Hvað var erfiðast? _____



Lestrarátak Polli.



Nafn: _____

Kæru foreldrar og forráðamenn

Lestrarátakið Polli litli er ætlað nemendum í 2.bekk sem ekki hafa náð nægilegri færni í lestri. Markmið með lestrarátakinu er að vinna með grunnþætti lesturs (rím, hljóðgreiningu, heyrnrænt minni, atkvæði orða, hljóðtengingu), leshraða, lesskilning og ritun. Reiknað er með að vinna við verkefnið taki 4 vikur og eru nákvæmar leiðbeiningar um hvernig lagt er til að verkefnið sé unnið. Lestrarátakið skiptist í tvö hefti, annars vegar leshefti og hins vegar verkefnahefti með fjölbreyttum verkefnum. Vinnuferlinu er lýst fremst í hverri viku.

Mikilvægt er að börnin hafi gaman af þessari vinnu og fái umbun fyrir framlag sitt. Í lok hvers dags fá nemendur hrós í formi t.d. límmiða, broskarls og/eða falleg orð sem sett er á umbunarorminn sem fylgir verkefninu.

Við vonum að lestur þessarar bókar og sú vinna sem lögð verður í verkefni sem bókinni fylgja skili árangri, gleði og góðum samverustundum.


Lestrarátakið Gluggað og grúskað var unnið af sérkennurum í Hofsstaðaskóla með styrk frá Þróunarsjóði Garðabæjar veturinn 2015-16.

Bergljót Vilhjálmsdóttir

Guðrún Dögg Jóhannsdóttir

Gunnhildur Ásta Jóhannsdóttir

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hljóð

heyrir

lítill


þarna

skrýttinn

þetta


önd

Litla önd




Hvaða hljóð er þetta?

Hvað heldur þú að mamma önd heyri?




Það heyrir gagg, gagg.

Hvað heldur þú að búi til þetta hljóð?



Þarna er lítill skrýttinn fótur.



Hey, þetta er lítill önd.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



andar-mamma

svangur

korn


segir

kyssir


andar-ungi

éta


Andar-mamma




Andar-mamma kyssir litla ungann sinn á höfuðið. „Halló litli ungi”,



„Ertu svangur litli unginn minn”?
spyr andar-mamma.



Litli andar-unginn kinkar kolli.
Litli andar-unginn er svangur.



Andar-mamma gefur litla andarunganum korn að éta.

Af hverju kyssir andarmamma litla ungann?

Hvað þýðir að kinka kolli?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hlær

vaggar

ganga


sniðugt

gengur

hvað


eins og

Vagg, vagg




„Þú átt að heita Polli“,
segir andar-mamma.

Polli horfir á mömmu sína ganga.
Það er fyndið að horfa á mömmu
ganga. Hún vaggar fram
og til baka þegar hún gengur.




Polli hlær. Hvers vegna gengur
mamma svona? Polli hlær og hlær.



„Hvað er svona fyndið, Polli“?
spyr mamma.

„Endur vagga. Þannig ganga þær.“



Polli reynir að ganga eins og andar-
mamma. Hann vaggar líka.

Polli gengur eins og andar-mamma.
Það finnst andar-mömmu sniðugt.

Hvað þýðir að vagga?

Hvað finnst Polla svona fyndið?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hreyfist

þetta

hoppa


skvettir

mjög


gaggar

upp


Matartími




Polli eltir andar-mömmu að tjörninni. Tjörnin er mjög stór.



Það er eitthvað sem hreyfist í tjörninni. „Hvað er þetta“? spyr Polli.



„Þetta er matur“! segir andar-mamma. Síðan gaggar hún hátt.



Lítill fiskur hoppar upp úr vatninu og skvettir á Polla.

Af hverju heldur þú að þau séu að fara að tjörninni?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hristir

fjöðrunum

bless


vatnið

eitthvað


fiskur

syndi


Fiskur er ekki matur




Polli hristir vatnið af mjúku fjöðrunum sínum. „Hver ert þú“? spyr Polli.



„Ég er fiskur. Ég syndi í tjörninni. Ég er ekki matur handa ykkur.“



Andar-mamma sér eitthvað. Hún vaggar áfram. „Komdu Polli, kallar hún.“



„Jæja, bless fiskur“, segir Polli. „Ég held að ég fái eitthvað annað í matinn.“

Hvað heldur þú að Polli fái í matinn?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



veginum

svo

beggja hliða


fyrir

stoppið


eltir

götuna


Gætið ykkar á öndunum




Andar-mamma gengur að veginum.
Hún horfir til beggja hliða.



„Bílar, stoppið fyrir öndunum.“
„Fylgdu mér, Polli,
segir andar-mamma.



Polli horfir til beggja hliða eins og
andar-mamma. Svo eltir hann andar-
mömmu yfir götuna.



Strákur sér endurnar fara yfir
götuna. Hann hrópar,
„stoppið fyrir öndunum!“
Polli fer alla leið yfir götuna.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hvert

spyr

einhverju


já

kvöldmatur


hátíð

okkar


Hátíð




Polli fylgir andar-mömmu upp á hól. „Hvert erum við að fara, andar-mamma“? spyr Polli.



„Við erum að leita að einhverju að borða. Þegar sólin sest þá er kvöld-matur hjá fólki og öndum“, segir andar-mamma.



„Er fiskurinn þá kvöld-maturinn okkar“? spyr Polli.



„Við borðum ekki fisk í kvöld“, svarar andar-mamma.
„Í kvöld höldum við hátíð!“

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



veisla

borðum

dálítið


sérstakt

bragðið


bragðast

brauðmolar


Brauðmolar




„Hvað er hátíð“? spyr Polli.



„Hátíð er veisla þar sem við
borðum góðan mat.
Í kvöld borðum við dálítið
sérstakt“, segir andar-mamma.



„Er það á bragðið eins og
fiskur“? spyr Polli.



„Það bragðast betur en fiskur.
Í kvöld fáum við brauð-mola“!
segir andar-mamma.

Hefur þú farið á hátíð?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



lítil

strákur

opnar


höndina

fötuna

gómsæta

hissa


Lítill andarungi?




Lítill strákur opnar dyrnar á hlöðunni.
Hann heldur á stórri fötu.
Strákurinn brosir til andar-mömmu
og Polla. Hann er hissa að sjá
endurnar í hlöðunni.



„Halló, andar-mamma og litli
andarungi“, segir strákurinn.
Strákurinn setur höndina ofan í
fötuna sem er full af brauðmolum.



„Litli andarungi“! hugsar Polli.
Ég heiti ekki Litli andarungi.
Ég heiti Polli.



Strákurinn réttir fram höndina.
„Komdu hingað, litli andarungi. Ég er
með góm-sæta brauðmola handa þér.“

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



kallaður

beygir

klappar


mjúkan

kollinn

prisvar

stráksins


Gvagg, gvagg, gvagg



Polli kemur ekki nær.

Hann heitir ekki lítill andarungi.

Hann heitir Polli. Hann vill ekki borða brauðmola ef hann er ekki kallaður sínu rétta nafni.




„Hvað er að, litli andarungi“? spyr strákurinn.

Strákurinn beygir sig niður og klappar Polla á mjúkan kollinn.



„Vá, þú ert ekkert lítill, þú ert stór“, segir strákurinn.



Polli gaggar þrisvar.

Síðan borðar hann góm-sætan brauðmola úr hendi stráksins.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



dýfir

fætinum

kalt

fjaðrir


hlær

svalandi


veður

skrýtið


Brrrr!




Polli dýfir fætinum ofan í tjörnina.
Vatnið er kalt. „Brrr“ segir Polli.



Andar-mamma hlær og segir:
„Þetta er ekki kalt, Polli.
Auk þess ertu önd. Fjaðrir okkar
halda okkur heitum í köldu vatni.“



Polli veður út í vatnið.
Vatnið er kalt og svalandi.
Skyldi Polli sjá fiskinn aftur?



Það er eitthvað skrítið í vatninu.
„Andar-mamma, hvað er þetta“?
spyr Polli.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



synda

nær

önnur

skemmtilegt


elska

kafa


passlegt

Matthildur


Nýr vinur




Polli og mamma hans synda nær til að skoða betur. Upp úr vatninu kemur allt í einu önnur önd.



„Úff, þetta er skemmtilegt“! segir hin öndin. „Ég elska að kafa ofan í vatninu.“




„Finnst þér vatnið ekki kalt“? spyr Polli. „Nei,“ segir öndin. „Vatnið er alveg passlegt.“



„Ég heiti Matthildur. Hvað heitir þú?“
„Ég heiti Polli.“

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



sniglarnir

sniglum

horfnir

langar


botninum

tjörninni


kunna

gaman


Sniglarnir horfnir!




„Langar þig til að kafa eftir sniglum,” Polli? spyr Matthildur.
„Þeir eru á botninum á tjörninni.”



„Ég kann ekki að kafa”, segir Polli.
„Þú kannt það víst.
Allar endur kunna að kafa”,
segir Matthildur.



„Ég skal prófa”, segir Polli
og hann kafar ofan í vatnið.
Það er gaman að kafa,
en hann sér enga snigla.



Polli og Matthildur koma aftur
upp úr vatninu til að anda.
Þau ná ekki neinum snigli.
„Jæja,” segir Matthildur,
„nú veit ég hvað við gerum!”

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



bóndinn

bóndans

veginum

bænum

ónýtu


korni

gömlu

tökum

eitthvað

Polli og Matthildur fara til bóndans



Þau vagga eftir veginum.


„Hvert erum við að fara“?

spyr Polli. „Við erum að fara til bóndans á bænum.

Bóndinn hendir alltaf ónýtu korni.

Hann hendir gömlu brauði.


Hann hendir líka gömlu heyi“, segir Matthildur.



„Hvað gerum við nú“? spyr Polli.


„Við tökum eitthvað af þessu með okkur heim“, segir Matthildur.

„Við ætlum að búa til andasúpu“, segir Matthildur.



„Er andasúpa góð“? spyr Polli.

„Andasúpa er mjög góð, það getur þú verið viss um“, segir Matthildur.



Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



anda-súpa

tjarnar-bakkanum

lokaðu

augunum

giskaðu


giska

bragðið


grænu

namn


Andasúpan




Matthildur og Polli sitja á
tjarnar-bakkanum og tala saman.
„Hvað er í andasúpu“? spyr Polli.



„Lokaðu augunum og giskaðu á“,
segir Matthildur.
„Andasúpa er besta súpa í heimi.“



„Ég giska á korni“, segir Polli
„og ég finn bragðið af
brauð-molum. Og ég finn líka
bragð af einhverju grænu.“



„Flott hjá þér, Polli“, segir
Matthildur. „Andasúpa er
búin til úr korni, vatni,
brauð-molum og grasi.
Namm, namm handa öndum.“

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



syndir

dýpra

botninum

alveg


glitrar

pening


gogginum

grasið


Polli önd kafar




Polli syndir sjálfur í tjörninni.
Hann reynir á hverjum degi að
kafa dýpra og dýpra í tjörnina.



Polla langar svo til að finna
snigla til að gefa Matthildi.
Dag einn sér hann eitthvað á
botninum á tjörninni.



Polli syndir dýpra og dýpra alveg
niður á botn á tjörninni.
Eitthvað glitrar á botninum.
Það er ekki snigill.



„Hvað er þetta“? segir Polli.
Hann er með pening í gogginum
sem hann setur á grasið.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



eigum

hægt

pennan

bragðast


kasta

óska


kannski

tjörnina


Hvað er hægt að gera við pening?




„Hvað eigum við að gera við peninginn“? spyr Polli. „Ættum við að setja hann í andasúpuna? Kannski bragðast hann vel með korninu, brauðinu og grasinu?“



„Ég held að það sé ekki hægt að borða pening, segir Matthildur. „Eigum við ekki að spyrja mömmu þína hvað við eigum að gera við peninginn?“




Polli og Matthildur vaggja yfir til andar-mömmu. „Andar-mamma, hvað eigum við að gera við þennan pening? spyr Polli.



„Þið ættuð kannski að kasta peningnum aftur í tjörnina og óska ykkur“, segir andar-mamma.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



óskaðu

hvers

óska

bestu

besta


flogið

himininn


ræst

höfuðið


Óskaðu þér!




„Hvers ætti ég að óska mér“? spyr Polli. „Ég á allt sem ég þarf. Ég á bestu mömmu í heimi og ég á besta vin í heimi.“



„En er ekki eitthvað sem þig langar í“? spyr andar-mamma.



„Ég óska mér að ég geti flogið, eins og stór önd, hátt upp í himininn“, segir Polli. Hann kastar peningnum til baka í tjörnina.



„En Polli, óskin þín hefur ræst. Þú getur flogið“, segir andar-mamma, hlær og kyssir Polla á höfuðið.

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hræddur

tjarnar-bakkanum

hugsa

segðu

breiðir


vængina

blakar


flýgur

fylgist með


Polli er hræddur




Polli stendur á tjarnar-bakkanum.
„Ég er hræddur, andar-mamma.
Hvað ef ég dett?“ Ég held að ég
geti ekki flogið, segir Polli.



„Ekki hugsa svona mikið“, segir
andar-mamma. „Segðu bara einn,
tveir og þrír. Síðan breiðir þú út
vængina, blakar þeim upp og niður
og allt í einu flýgur þú.“



Polli segir: „einn, tveir og þrír.“
Hann blakar vængjunum og stoppar.
„Ég get þetta bara ekki. Ég er
ekki eins og aðrar endur.“



„Svona, svona, Polli“, segir
Matthildur. „Við gerum þetta
saman.“ Matthildur blakar
vængjunum. „Einn, tveir og þrír!“
Matthildur flýgur. Polli fylgist með.

Hvernig blakar fugl vængjum?

*Hvað er best að gera ef maður er hræddur
og þorir ekki einhverju?*

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



reynir

horfir

flýgur

komdu

kallar


prófaðu

teldu

himninum

hreyfa


Polli reynir að fljúga.



Polli horfir á Matthildi fljúga.

Hún flýgur inn í ský.


„Komdu Polli. Ég veit að þú getur þetta“, kallar hún.



„Prófaðu bara, Polli“, segir andar-mamma.

„Teldu einn, tveir og þrír og blakaðu vængjunum.


Ég veit líka að þú getur það.“



Polli horfir á mömmu sína.

Síðan horfir hann á Matthildi fljúga á himninum.

„Allt í lagi, ég prófa“, segir Polli.



Hann byrjar að hreyfa vængina.

„Einn“, segir hann og lyftir vængjunum, „tveir“, segir hann og lyftir þeim aftur, „þríiiiiiiiiir“, Polli flýgur!

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



skemmtilegt

gætir

svífur

hægar

nálgast


jörðina

gengur

gættu þín

skýjunum


Polli og Matthildur fljúga




Polli og Matthildur fljúga.

„Vá! Þetta er skemmtilegt!“
segir Polli.

„Ég vissi að þú gætir þetta“, segir
Matthildur.



Polli blakar vængjunum hraðar. Hann
hækkar flugið og svífur um loftið.
Síðan blakar hann vængjunum hægar.
Þá nálgast hann jörðina.



„Vá, ég get flogið!
Ég veit hvernig á að fljúga!“
segir Polli.




„Þér gengur vel“, segir Matthildur.
„Gættu þín bara á skýjunum.“
„Hvers vegna“? spyr Polli.

Hvers vegna heldur þú að Polli þurfi að gæta sín á
skýjunum?

Hefur þú flogið inn í ský?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



hvítt

loftið

ójafnt

falla

snýst

hringi

gegnum

færast

vængjunum


Ský



Polli flýgur inn í ský.
Hann getur ekkert séð.
Allt er hvítt eins og í þoku.
Loftið er líka ójafnt.



„Ó nei“! kallar Polli.
Polli byrjar að falla niður.
Hann snýst í hringi.
Polli er að falla niður í gegnum skýið.
Hann er að færast nær jörðinni.



„Polli, blakaðu vængjunum!
Blakaðu vængjunum hratt“,
kallar Matthildur. Polla svimar.
Hann heldur áfram að falla niður.
Polli er alveg að lenda á jörðinni.



„Polli, þú verður að blaka vængjunum
hratt“! kallar andar-mamma.
Polli blakar öðrum vængnum
og svo blakar hann hinum vængnum.
„Blakaðu vængjunum hraðar, Polli!
Hraðar, hraðar!“ Polli blakar vængjunum
eins hratt og hann getur.

Hvað ætti Polli að gera?

AF hverju svimar Polla?

Lestu orðin yfir 3 sinnum, hægt og rétt 😊



svífur

skýst

hristir

flýgur

hamingjusamur

loftin





svífa

hærra

hrópar

syngur

Polli svífur



Polli blakar vængjunum eins hratt og hann getur. Hann skýst að nýju upp í himininn. „Vel gert, Polli! vel gert!“ kallar andar-mamma frá jörðinni.

Polli blakar vængjunum og hristir höfuðið. Hann kallar niður til andar-mömmu, „það er allt í lagi með mig mamma! Það er allt í lagi“. Matthildur flýgur til Polla. „Ó Polli! Nú varð ég hrædd. Er allt í lagi með þig“? spyr hún. Polli brosir. „Já, já, en ég ætla að reyna að passa mig á því að fljúga ekki inn í ský aftur. En ég get alveg flogið, Matthildur! Ég get flogið!“

Polli er mjög hamingju-samur. Hann blakar vængjunum hratt. Hann flýgur hátt upp í himininn, hærra og hærra. „Vei“! hrópar hann. Hann syngur af gleði.

Matthildur og andar-mamma horfa glaðar á hann svífa lengi um loftin blá.